

42
27. febr.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í þóknanlegu brjefi, dags. 23. p. m., og eptir beiðni prestsins að Hvammí í Norðurárdal, sjera Gísla Einarssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að tjeður prestur taki lán handa nefndu prestakalli, að upphæð 2650 kr., sem þó ekki fæst úr landssjóði, til að byggja á staðnum sterkt og vandað timburhús 12 álna langt og 9 álna breitt með porti og múruðum kjallara undir úr grjóti, en þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:

1. að af láninu sjeu um leið og það er tekið borgaðar eptirstöðvar 600 króna láns þess, sem tekið var uppá prestakallið til kirkjubyggingar 16. sept. 1879 og sem nú standa eptir af 150 kr.
2. að lánið endurborgist með að minnsta kosti 130 kr. á ári 5 fyrstu árin eptir að það er tekið og síðan með eigi minna en 100 kr. árlega auk vaxta.
3. að tekjur prestakallsins og sjerstaklega tillag það úr landssjóði, er brauðið nýtur sje að veði fyrir höfuðstól lánsins með vöxtum.
4. að presturinn byggi hið umrædda timburhús sama árið og hann fær lánið.
5. að húsið sje að öllu leyti traust og vandað með járnþaki og járnvarið mót helztu regnúttum, og með því fyrirkomulagi og herbergjaskipun, sem prófasturinn samþykkir, svo og að byggingin fari fram undir tilsjón hans.
6. að presturinn váttryggi húsið gegn eldsvoða fyrir að minnsta kosti 3000 kr. og haldi því sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts.
7. að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en húsið er upp komið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsið er algjört og sannað er með lögmætri

Að vísu liggja fyrir hin tvö áður nefndu vottorð úr embættisbókum Bægisárprestakalls og Möðruvallaklausturs prestakalls, um ársdöl Sæunnar á Krossastöðum, og bæði hún og Sigurður Sigurðsson hafa borið fyrir rjetti, að hún hafi vistast fyrir hans tilstilli, að $\frac{1}{3}$ að Krossastöðum, enda skýrir hún einnig svo frá, að hún hafi verið þar í sjálsmennsku að $\frac{2}{3}$ eða talið sjer að öllu leyti heimilisfang á nefndum bæ 1878—79. En þegar þess er gætt, að Sæunn einnig skýrir svo frá, að hún hafi ekki fengið að vera lengur á Efstalandi, að hreppstjórinn í Skriðuhrepp hafi optar en einu sinni sagt sjer, að hún mætti ekki lengur vera í hreppnum, og að hún hafi verið kaupakona bæði á Efstalandi og á Neðstalandi um sumarið (og síðar), og etið upp sumarkaup sitt á þessum bæjum um veturinn, og tekið er tillit til þess, að Sigurður Sigurðsson hefir kannast við, að hann hafi sagt við Sæunni, að hann hvorki vildi nje mætti halda hana lengur, og þetta svo er borið saman við það atvik, að Sæunn fer vorið 1879 aptur inn í Skriðuhrepp í vist til sinna fyrri húsbænda, án þess þá sje nokkuð við henni amast, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að allt hafi miðað til þess, að láta Sæunni víkja úr Skriðuhrepp, áður en hún gæti öðlast þar sveitfesti, og eins og öllu þar að auki víkur við, samkvæmt framburði hennar og Sigurðar, þá virðist svo, sem Sæunn hafi ekki sleppt heimilisfangi sínu á Efstalandi, þar sem hún er í kaupavinnu nokkurn hluta sumarsins 1878 og dvelur um tíma veturinn eptir. Með því amtið þannig verður að álíta, að vist Sæunnar á Krossastöðum á árinu 1878—79 eins og hún virðist vera til komin og henni hefir verið varið, geti eigi verið því til fyrirstöðu, að hún hafi áunnið sjer framfærslurjett í Skriðuhrepp, úrskurdast hjer með, að Sæunn Pjetursdóttir skuli álitast sveitlæg þar í hrepp. Þetta gefst yður hjer með þjenustusamlega til vitundar, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Skriðuhreppi.

skoðunargjörð tveggja áreiðanlegra manna, er skyn bera á slíkt, að húsið sje í alla 42
staði eins og áskilið er. 27. febr.

8. að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardyra. og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans svari því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa presta- 43
kalli til húsabyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæru- 27. febr.
verðugi herra í þóknanlegu brjefi dags. 13. p. m. og eptir beiðni prestsins að Gaul-
verjabæ, sjera Jóns Steingrímssonar, er studd er meðmælum hlutadeigandi prófasts, vil
jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að tjeður prestur taki lán handa presta-
kallinu, að upphæð 2800 kr., er ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins ekki
stóðar en á allt að 25 ára fresti, til þess að byggja á staðnum tvíloftað timburhús
11×12 álnir að stærð, járnþakið og járnvarið móti suðri og austri, ásamt sjerstöku
útibúri með torfveggjum og járnþaki 6×4½ al. á stærð, er sje tengt aðalhúsinu með
járnþaktri skúrbyggingu, — með skilyrðum þeim er nú skal greina.

Byggingunni skal lokið vera sama árið og lánið er tekið; skal hún framfara
undir umsjón prófasts. Helminginn af hinni ofan nefndu lánsupphæð má ekki taka
fyrir en presturinn hefur sannað með tilhlýðilegri skoðunargjörð að hið fyrirhugaða
íbúðarhús með útibúri og skúr sje fullgjört og í áskildu standi, með þeirri stærð og
fyrirkomulagi, sem fram er tekið hjer að framan og í skjölum þeim er fylgdu beiðni
prestsins um lántökuna; mega þá og niðurfalla hin núverandi bæjarhús, baðstofa, búr,
eldhús, bæjardyr, gangur og skemma, en hin nýja bygging skal síðan vera eign
staðarins, og er presturinn skyldur að váttryggja hana fyrir eldsvoða með 3000 króna
váttrygging að minnsta kosti og viðhalda henni rækilega; skal hann eða dánarbú hans
skila byggingunni í fullgildu standi eða með tilhlýðilegu álagi, þegar hann fer frá
brauðinu eða fellur frá. Smiðja verður að fylgja staðnum eptirleiðis eins og hingað
til.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar skal jeg geta þess, að hið umrædda lán getur ekki fengizt
úr landssjóði.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu 44
um endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu endurveitti 23. marz
landshöfðingi sparisjóðnum á Saudárkróki um 5 ár hlunnindi þau, sem talin eru í
tilsk. 5. jan. 1874, frá 1. ágúst næstkomandi til 1. ágúst 1896, með sömu skilyrðum
og hlunnindi þessi höfðu áður veitt verið sama sparisjóði (sjá Lhbr. 31. ágúst 1886,
Stjt. 1886 B, nr. 109, bls. 128).